

Fundur í fagráði nautgriparæktar 3. október 2018

Fundargerð

Fundurinn var haldinn 3. október 2018 á Hesti og hófst kl. 11.15.

Mættir: Guðný Helga Björnsdóttir, formaður, Baldur Helgi Benjamínsson í símasambandi, Gunnar Kr. Eiríksson, Pétur Diðriksson, Þórarinn Leifsson, Björn S. Gunnarsson, Margrét Gísladóttir og Guðmundur Jóhannesson er ritaði fundargerð. Sveinbjörn Eyjólfsson sat fundinn undir lið 3. Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir og Þóroddur Sveinsson boðuðu forföll.

Dagskrá:

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar
2. Niðurstöður kynbótamats
3. Yfirlit frá Nautastöðinni
4. Umsókn í þróunarsjóð
5. Lokaskýrslur verkefna
6. Erfðamengisúrval
7. Bréf frá RML
8. Önnur mál

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar.

Guðný Helga, formaður, setti fund og stýrði honum.

Fundargerð, dags. 13.júní 2018, samþykkt án athugasemda, en áður hafði hún verið afgreidd óformlega í tölvupósti.

2. Niðurstöður kynbótamats.

Guðmundur fór yfir helstu niðurstöður nýs kynbótamats sem keyrt var núna um mánaðamótin sept./okt. Að þessu sinni var eingöngu keyrt kynbótamat fyrir afurðir og frumutölu.

Ákveðið að setja eftirtalin naut í dreifingu sem reynd naut: Kakala 13009, Bárð 13027, Ými 13051, Stera 13057 og Lurk 13084.

Áfram verði eftirtalin naut í notkun: Fossdal 10040, Stólpi 11011, Skalli 11023, Bakkus 12001, Pipar 12007, Loki 12071, Sjarmi 12090, Dúett 12097, Polki 12099, Jörfi 13011, Víkingur 13017 og Hálfmáni 13022.

Úr eftirtöldum nautum var ákveðið að henda öllu sæði: Klaka 13003, Korgi 13008, Flóka 13020, Gimsteini 13028, Fáfni 13031, Kjána 13044, Strompi 13063, Krana 13067, Pá 13078, Móral 13079.

Nautsfeður til notkunar næstu mánuði verða Bakkus 12001, Sjarmi 12090, Hálfmáni 13022 og Steri 13057. Hafa verður í huga lága mjaltæinkunn Stera og koma tilmælum þar að lútandi til bænda.

3. Yfirlit frá Nautastöðinni.

Sveinbjörn dreifði yfirliti yfir naut á stöðinni og þau sem eru í sæðistöku núna. Þá dreifði Sveinbjörn yfirliti um sæðisbirgðir úr nautum í dreifingu sem og nautum sem bíða afkvæmadóms. Nægar birgðir

til úr öllum nautum sem eru í dreifingu.

Sveinbjörn fór nokkrum orðum um gang fódrunar á stöðinni og þyngdaraukningu nautanna. Þá dreifði Sveinbjörn yfirliti yfir útsent sæði fyrstu 9 mánuði ársins 2018 og fjölda sæðinga fyrstu átta mánuði ársins á landsvísu og eftir svæðum ásamt yfirliti um árangur. Hann sagði fækkun sæðinga milli ára vera allverulega eða nálægt 10%.

Sveinbjörn fór yfir birgðir af SpermVital-sæði, þ.e. sæðistöku frá apríl 2018. Hann sagði regluna að hvert svæði fengi 1/3 hluta ungnautasæðis sem SpermVital-sæði og þar hallaði á ákveðin svæði sem ekki nota sinn hluta sæðisins. Þá sagði Sveinbjörn að áhuginn hefði dvínað því notkun SpermVital-sæðis hefði minnkað umtalsvert eftir því sem tíminn hefði liðið. Staðan væri sú að SpermVital-sæðið væri orðið á eftir hefðbundna sæðinu í dreifingu.

Guðmundur dreifði minnisblaði um notkun á SpermVital-sæði. Hann sagði greinilegt að það væri alltof mikill munur milli svæða en notkun bænda væri greinilega í takt við ráðleggingar.

Rætt um notkun SpermVital og menn á því að það þurfi kannski betri kynningu/auglýsingu til þess að auka notkun.

Sveinbjörn yfirgaf fundinn að loknum þessum lið.

4. Umsókn í þróunarsjóð.

Tekin var til umfjöllunar sú eina umsókn sem barst í þróunarsjóð nautgriparæktarinnar en umsóknarfrestur var til 1. okt. s.l.

a. Stöðumat á aðstöðu til nautakjötsframleiðslu á Íslandi

Umsókn frá Landssambandi kúabænda. Verkefnisstjóri er Snorri Sigurðsson.

Markmið verkefnisins er að afla mikilvægra upplýsinga grunnupplýsinga um aðstöðu til nautakjötsframleiðslu árið 2018. Þessar upplýsingar nýtast við áætlanagerð til framtíðar litið varðandi þróun greinarinnar og endurnýjunarþörf aðstöðunnar. Þá mun þetta verkefni mynda grunn til eftirfylgni með þróun greinarinnar og aðstöðunnar líkt og gert hefur verið varðandi mjólkurframleiðsluna annað hvert ár allt frá árinu 2003.

Margrét fór nokkrum orðum um tilurð og tilgang verkefnisins.

Þóroddur Sveinsson sendi í tölvupósti athugasemd varðandi umsóknina er sneri að því að þekking væri nokkur varðandi aðstöðu bænda í nautakjötsframleiðslu og benti á MS-ritgerð Önnu Lóu Sveinsdóttur (2010) sem gerði m.a. ágæta aðbúnaðarúttekt á nautgripum til kjötframleiðslu. Jafnframt benti hann á skýrslu sína um stöðu nautakjötsframleiðslu á Íslandi (Rit Lbhí nr. 70) þar sem komið er inn á aðbúnaðarmál og gerðar tillögur um endurbætur og framtíðar rannsóknarverkefni.

Afgreiðsla: Fagråd telur verkefnið mikilvægt og leggur til að það verði styrkt um allt að kr. 475.000. Fagråd bendir umsækjanda jafnframt á athugasemdir Þóroddar, hvetur til þess að tekið verði tillit til þeirra og þær niðurstöður sem þar er bent á verði nýttar í verkefninu. Þá tekur fagråd fram að styrkveiting nú er ekki ávísun á styrkveitingu til sambærilegs verkefnis í framtíðinni.

Guðný Helga Björnsdóttir, Pétur Diðriksson og Þórarinn Leifsson tóku ekki þátt í afgreiðslu þessa máls.

5. Lokaskýrslur verkefna.

Borist hafa lokaskýrslur vegna tveggja verkefna ásamt meðfylgjandi ósk um lokagreiðslu styrkja. Í öðru tilvikinu er um að ræða meistaraverkefni (MSc.) þar sem lokaritgerð hefur ekki verið skilað, hún

ekki varin eða samþykkt. Í 10. grein verklagsreglna fagráðs í nautgriparækt segir: „*Eftirstöðvar, 4,0%, greiðast þegar styrkhafi hefur lokið verkefninu, skilað lokaskýrslu og hún hlotið samþykki fagráðs*“. Þar sem til þessa verkefnis var stofnað sem meistaraverkefnis og því veittur styrkur á þeirri forsendu getur fagráð ekki fallist á að um fullnægjandi skil sé að ræða. Með hliðsjón af framgangi verkefnisins og því að skil hafa dregist langt umfram tilgreind lok verkefnis í umsókn telur fagráð jafnframt eðlilegt að styrkþega verði gefinn að hámarki 6 mánaða frestur til fullnægjandi skila en að öðrum kosti falli styrkur niður í samræmi við 15. grein verklagsreglna fagráðs en þar segir: „*Einnig er heimilt að fella niður styrkveitingu takist umsækjanda ekki að vinna verkefnið í samræmi við umsókn eða skili ekki lokaskýrslu innan sex (6) mánaða frá því að verkefni lauk*.“ Fagráð telur að með þessu hafi styrkþega verið veitt verulegt svigrúm og jafnvel umfram það sem eðlilegast væri.

Í hinu tilvikinu er um að ræða lok arfgerðargreiningar á sæðinganautum Nautastöðvar BÍ. Samþykkt að loka greiðsla fari fram.

6. Erfðamengisúrval.

Baldur Helgi sagði að Eurofins (Genoskan) væri búið að greina öll sýni, um 8.200 talsins. Það hefði tekið mun lengri tíma en kom fram í tilboði þeirra. Þá sagði Baldur að Egill Gautason væri byrjaður á sínu doktorsverkefni og t.d. ætlaði hann að skoða í því verkefni hvort hægt væri að finna erfðavisa sem skýrðu ófrjósemi. Þar væri m.a. verið að horfa til ástæðna þess að 20-25% allra ásettra kvígna ber aldrei. Megináherslur verkefnisins væru að skoða fyrirbyggjandi niðurstöður en það sem hefði hingað til komið á óvart væri skyldleiki íslenska kúakynsins við bresk og norðurfrönsk kyn. Þá ætlaði að hann að skoða skyldleika innan kúastofnsins. Stærsta áherslan væri lögð á undirbyggja þekkingu til þess byggja upp kynbótamat og þar væri öryggi mjög stór þáttur. Ætlunin væri að skoða hvort hægt væri að nota gögn frá öðrum kynjum. Þriðji hlutinn snýst svo um það hvernig skipuleggja beri kynbætur í svona litlum stofnum, m.a. með notkun kjörerfðaframlags (*e. Optimal contribution selection*). Baldur sagði Egil hafa mjög öflugt lið sér til stuðnings úti í Foulum og hugmyndirnar væru skynsamlegar og vel mótaðar. Aðalleiðbeinandi Egils er Bernt Guldbrandtsen sem er vel þekktur vísindamaður á þessu sviði.

Þá kom Baldur inn á hvort ekki væri rétt að reyna að koma niðurstöðum til bændna fyrir eins og t.d. varðandi gæði ætternisgagna og endurskoðun á tíðni próteinarfgerða.

Baldur sagði Eurofins hafa rætt hvernig hægt væri að bæta okkur þá seinkun sem varð á greiningum, t.d. með endurgreiningu á þeim sýnum sem ekki skiluðu niðurstöðum.

Rætt um áframhaldandi gagnasöfnun, þ.e sýnatöku. A.m.k. þyrfti að taka sýni úr öllum nautum á nautastöðinni auk þess sem spurning væri hvernig ætti að standa að áframhaldandi sýnatöku úr kúm og kvígum.

Ákveðið að taka saman hvernig best verður staðið að því að hrinda sýnatöku bændna sjálfra úr vör og hvernig söfnun og geymslu sýna yrði best fyrir komið.

7. Bréf frá RML.

Lagt fram bréf frá RML dags. 28. september 2018 til upplýsingar fyrir fagráð. Í bréfinu kemur fram að RML hafi nú tekið við verkefninu um erfðamengisúrval í nautgriparækt í umboði Bændasamtaka Íslands. Ábyrgðarmaður nautgriparæktar hjá RML mun halda utan um framvindu verkefnisins. Fagráð lýsir yfir ánægju með að verkefninu hafi verið fundinn fastur farvegur nú þegar Baldur Helgi Benjamínsson hefur látið af störfum sem verkefnisstjóri þess.

8. Önnur mál.

Menntunarmál í landbúnaði. Fagráð í nautgriparækt lýsir yfir þungum áhyggjum vegna faglegrar

stöðu Landbúnaðarháskóla Íslands. Ljóst er að skólinn á í vandkvæðum með mönnun stöðugilda þar sem krafist er æðri búvísindamenntunar og verði ekki spyrnt við fótum er hætt við að þekking glatist og nýrrar þekkingar í landbúnaði verði aflað í sífelld minna mæli á komandi árum. Við slíkt getur íslenskur landbúnaður tæpast unað og því brýnt að auka fjármuni og möguleika til þess að styðja nemendur til meistara- og doktorsnáms í búvísindum en menntun og þekking eru máttarstöðir nýsköpunar, rannsókna, þróunar og framfara. Fagráð í nautgriparækt kallar því eftir stórfelldu átaki í þekkingaröflun íslensks landbúnaðar sem að standi stofnanir landbúnaðarins, afurðastöðvar, nýsköpunarsjóðir ásamt ríki og sveitarfélögum.

Hagrænt vægi eiginleika. Guðmundur sagði frá því að Kári Gautason hefði ekki treyst sér til að ljúka verkefninu vegna annarra starfa. Við því hefði tekið Jón Hjalti Eiríksson. Áætluð verkefnislok eru um næstu áramót.

Einangrunarstöðin á Stóra-Ármóti. Nú eru allar kýrnar sem festu fang við fósturvísu s.l. vetur bornar en alls fæddust 12 hreinræktaðir Angus-kálfar. Burður gekk vel og áfallalaust, lítið var um burðarhjálp og kúnum heilsast vel eftir burð. Hafin er uppsetning á fósturvísu á nýjan leik og áætlað að næstu burðir verði um mitt sumar 2019. Fagráð lýsir yfir mikilli ánægju með framgang mála á Stóra-Ármóti og hvernig Nautgriparæktarmiðstöð Íslands hefur staðið að uppbyggingu og framgangi mála við myndun ræktunarkjarna Angus-gripa á stöðinni.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Guðný Helga Björnsdóttir
(sign.)

Guðmundur Jóhannesson
(sign.)

Gunnar Kr. Eiríksson
(sign.)

Þórarinn Leifsson
(sign.)

Pétur Diðriksson
(sign.)

Baldur Helgi Benjamínsson
(sign.)

Margrét Gísladóttir
(sign.)

Björn S. Gunnarsson
(sign.)

Fylgiskjöl:

1. Fundargerð 13. júní 2018
2. Helstu niðurstöður kynbótamats í október 2018
3. Yfirlit frá Nautastöðinni
4. Minnisblað um notkun á SpermVital-sæði
5. Bréf frá RML